

## Raforkustefna Ölmú íbúðafélags hf.

Alma íbúðafélag hf. („félagið“) hefur sett sér raforkustefnu þessa með það að markmiði að draga úr raforkunotkun í fasteignum félagsins og stuðla að sjálfbærni í starfsemi.

### Umfang og ábyrgð

Allir starfsmenn félagsins bera ábyrgð á að fylgja stefnu þessari og stuðla að sjálfbærni í daglegum rekstri. Framkvæmdastjóri og hópstjóri viðhaldssviðs bera ábyrgð á innleiðingu stefnunnar og að henni sé framfylgt. Starfsmenn skulu fá kynningu á stefnunni. Þjónustustjóri ber ábyrgð á því að leigutakar séu upplýstir um markmið og tilgang stefnunnar.

### Innkaup

Við endurnýjun ljósgjafa í eignum félagsins skal ávallt notast við raforkusparandi lausnir s.s LED perur eða LED ljós. Enn fremur skal við endurnýjun raftækja ávallt kaupa orkusparandi tæki, hvort sem um er að ræða heimilistæki, skrifstofutæki eða önnur rafmagnstæki.

### Fræðsla og vitundarvakning

Starfsmenn skulu hljóta fræðslu um mikilvægi raforkusparnaðar og hvernig þeir gata lagt sitt af mörkum.

Stefna þessi skal kynnt leigutökum og þeir upplýstir um möguleika til að draga úr raforkunotkun.

### Raforkunotkun

Félagið skal setja upp kerfi til að fylgjast með raforkunotkun og framkvæma reglulega úttektir til að meta árangur af aðgerðum félagsins.

### Tækninýjungar

Félagið skal leitast við að nota nýjustu tækni til að draga úr og mæla raforkunotkun í starfsemi.

### Samstarf við birgja- þjónustuaðila

Félagið skal tryggja að allir birgjar og þjónustuaðilar séu upplýstir um stefnu þessa og hagi störfum sínum í samræmi við hana.

*Þannig samþykkt af stjórn  
Ölmú íbúðafélags hf.,  
22. okt. 2024*

*Gunnar Þór Gíslason  
Eggert Árni Gíslason  
Erna Gísladóttir*